

Skýrsla Mótanefndar Spretts 2013

Það var kraftmikill hópur félagsmanna sem skipuðu mótanefnd árið 2013:

Ásgerður Gissurardóttir formaður/gjaldkeri, Hrafnhildur Pálsdóttir ritari, Hulda Geirsdóttir, Guðlaug Jóna Matthíasdóttir, Karen Sigfúsdóttir, Unnar Björnsson, Bjarnleifur Bjarnleifsson og Rúnar Freyr Rúnarsson.

Nefndin fundaði fyrst í janúar og setti drög að mótadagskrá. Haldin voru alls 8 mót, þrennir vetrarleikar, þrígangsmót, firmakeppni, íþróttamót og gæðingamót.

Eins og allir vita þá eru verkin æði mörg bæði við undirbúning og framkvæmd í kringum mót. Mótanefnd fékk margar hjálparhendur til að ganga í hin ýmsu störf: vallarstörf, ritarastörf, hliðgæslu, dómgæslu, fótaskoðun, þulastörf og fleira.

Vetrarleikar

Haldnir voru þrennir vetrarleikar: 08/02 16/03 og 09/04. Þátttaka var mjög góð á þeim öllum, sérstaklega á þeim síðustu en þeir voru haldnir á þriðjudagskvöldi í blíðskaparveðri. Ekki fékkst styrktaraðili til að styrkja alla vetrarleikana og tók nefndin upp á þeirri nýjung að safna styrkjum fyrir hvern flokk og náði að safna 135.000kr. í styrki.

Opið Þrígangsmót Lýsis

Þrígangsmót var haldið 22/02 og var Lýsi styrktaraðili mótsins og lá styrkurinn í 100.000 Einungis 35 skráningar voru sem er minna en oft áður en úr varð hið skemmtilegasta mót.

Firmakeppni

Var haldin 27/04 – mótanefnd sá um skráningu sem var góð þrátt fyrir mikið rok og votviðri.

Íþróttamót

Opið íþróttamót var haldið 18. – 19.05 á gamla íþróttavellinum þar sem sá nýji þótti ekki tilbúin né boðlegur.

Skráningar voru 180 og fór mótið mjög vel fram þrátt fyrir byrjunarörðugleika með Kappa. Fjölmargir félagsmenn lögðu hönd á plóg og þannig tókst að gera mjög gott mót þrátt fyrir nokkurt votviðri.

Gæðingamót

Gæðingamót var haldið 01.06 – 02.06 á gamla gæðingavellinum. Skráningar á mótið voru um 80 og margar hjálparhendur lögðust á eitt til að gera mótið sem best í blíðskaparveðri Leó Geir Arnarson og Krít frá Miðhjáleigu fóru á kostum í úrslitum B-flokks þar sem þau hlutu 9,25 í einkunn, þar af mátti sjá einkunnina 10,0 fyrir fegurð í reið. Krít var einnig valin glæsilegasti gæðingur mótsins



Mótanefnd þakkar félagsmönnum fyrir jákvæðni og veitta aðstoð á mótum. Oft er það sama fólkid sem býður sig fram og vill nefndin hvetja fleiri til að gera slíkt það er bæði skemmtilegt og lærdómsríkt og við öll erum jú félagid.

Sjaldan eða aldrei eru jafnmargir félagsmenn saman komnir og þegar mót eru haldin og getur umgjörð mótsins skipt sköpum í að gera viðburðin ánægjulegan og eftirminnilegan í hugum knapa og áhorfenda. Það er því með mikill tilhlökkun sem núverandi mótanefnd lítur fram á veginn til farsæls mótahalds í stóru og sterku félagi.